



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

SKIPULAGSFULLTRÚI

UTU býður starfsmönnum:

- Fjölbreytt starf
- Náttúrufergurð allt í kringum skrifstofuna
- Tækifæri til að sækja námskeið

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveitanna (UTU) er skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa fimm hreppa í uppsveitum Árnassýslu og Ásahrepps í Rangárvallasýslu. Um nokkurra ára bil var tæknisvið hjá stofnuninni en nú er starfsemin eingöngu bundin við skipulags- og byggingarfulltrúa. Hjá embættinu starfa tíu manns og fer starfsemin að mestu leyti fram á Laugarvatni. Mörg sumarhús eru á svæðinu og einkennir það starfsemi UTU umfram önnur skipulags- og byggingarembætti á landinu.



Laus er til umsóknar staða skipulagsfulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita. Skipulagsfulltrúi starfar með sameiginlegri skipulagsnefnd sveitarfélaganna á svæðinu. Hann hefur umsjón með skipulagsgerð á svæðinu og hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við skipulag og útgefin leyfi. Skipulagsfulltrúi skal uppfylla kröfur um menntun og starfsreynslu samkvæmt 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Starfssvið

- Yfirumsjón skipulagsmála í sveitarfélögunum
- Útgáfa framkvæmdaleyfa
- Leiðbeiningar til sveitarfélaganna um skipulagsmál
- Undirbúningur funda skipulagsnefndar, lögformleg afgreiðsla erinda og eftirfylgni mála

Menntun og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýttist í starfi
- Umsækjandi skal uppfylla menntunar- og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013
- Reynsla af starfi tengdu skipulagsmálum er skilyrði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Metnaður og frumkvæði til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta